

REYKJAVÍK LIÐ- INNA DAGA

Ljósmyndasýning í tilefni af 50 ára afmæli Ljósmyndarafélags Íslands

1 dag kl. 14 opnar Óskar Gíslason, ljósmyndari, sýningu á ljósmyndum að Kjarvalsstöðum. Ber sýning þessi yfirskriftina Reykjavík liðinna daga. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 14-22 fram til 3. ágúst.


Sýning þessi er haldin í tilefni af 50 ára afmæli Ljósmyndarafélags Íslands, en það var stofnað 1926 og var Óskar einn af stofn félögum þess.

Óskar Gíslason er fæddur í Reykjavík, 15. apríl 1901 og hefur bærinn jafnan verið honum nær. Arið 1916 hóf hann nám í ljósmyndum hjá Ólafi Magnússyni ljósmyndara. Um sama leyti voru Danir að kvikmynda hér á landi Sögu Borgarættarinnar eftir Gunnar Gunnarsson. Kom það í hlut Óskars Gíslasonar að framkalla prufur vegna kvikmyndunarinnar, en kvikmyndaöku- maðurinn danski kenndi honum aðferðina. Varð hann þannig fyrstur Íslendinga til að framkalla kvikmyndir hér á landi og gat síðar notfært sér þessa aðferð þegar hann fór að taka eigin kvikmyndir.

Óskar stundaði framhaldsnám í ljósmyndun á árunum 1920-1921 hjá hinum virta hirðljósmyndara og brautryðjanda í kvikmynda- gerð, Peter Elfelt.

Eftir heimkomuna 1922 setti hann á stofn ljósmyndastofu að Kirkjustræti 10, en var síðan lengst af með ljósmyndastofu í Austurstræti 14. Eftir 1944 vék ljósmyndastofan til hliðar fyrir kvikmyndaðagardönni, sem hann hafði gert ýmsar tilraunir með fram til þessa. Í heilan áratug var kvikmynd frá hendi Óskars Gíslasonar nærri árviss við- burður í Þjóðlífinu. Meðal kvik- mynda hans má nefna Lýðveldis- hátíðina 1944, Björgunarafrekið við Látrabjarg, Síðasti bærinn í dalnum, Reykjavíkurbæntýri Bakkabræðra o.fl. o.fl.

Þegar kvikmyndaðagardönni sleppti tók ljósmyndunin við á ný og réðist hann nú síðast til að skipuleggja ljósmyndastofu Sjóvarpsins, er það tók til starfa



1966. Óskar hætti störfum hjá sjónvarpinu 1. janúar á þessu ári. Tók hann til við að láta 30 ára gamlan draum sinn rætast: Þá ljósmyndasýningu sem nú hefur verið sett upp að Kjarvalsstöðum.

Ljósmyndasýning Óskars Gíslasonar að Kjarvalsstöðum er fyrsta einkaljósmyndasýning hans. Elztu ljósmyndir hans á sýningunni eru frá árinu 1915. Yngstu ljósmyndirnar eru teknar frá sama sjónarhorni rúmlega hálfri öld síðar. Megin viðfangsefni sýningarinnar er að sýna Reykjavík, líf hennar og vöxt á fyrri helming aldarinnar. Til stuðnings þessu viðfangsefni og í virðingarskýni við frumherja ljósmyndunar á Íslandi hefur hann unnið upp eftir glerplötum, sem varðveittar eru í Þjóðminja- safni, ljósmyndir teknar af Sig- fúsi Eymundssyni, Péttri Brynj- ólfssyni, Ólafi Margússyni og Magnúsi Ólafssyni.

Á sýningunni eru 242 ljósmynd- ir og eru þær allar til sölu Þór Magnússon, þjóðminjavörður, aðstoðaði Óskar við val mynda á sýningunni, en Björn Björnsson, leikmyndaþeignari, við uppset- ingu hennar. Vegleg sýningar- skrá hefur verið gefin út og þar ritar Erlendur Sveinsson um ævi og störf Óskars Gíslasonar. AV.

Reynir Ármannsson formaður Neytendasamtakanna:

Mikið skortir á öryggi íslenzkra neytenda

„Neytendasamtökin beina þeim tilmælum til viðskiptaráðuneytisins að draga ekki lengur frágang á frumvarpi til laga um neytenda- vernd“. Þessi ályktun var samþykkt á aðal- fundi samtakanna fyrir skömmu.

Til skýringar á þessari ályktun er bent á eftirfarandi atriði: A undanförunum árum hefur komið æ skýrar í ljós nauðsyn þess að tryggja rétt hins almenna neytanda. Neytenda- samtökin í gegnum þjónustu við neytendur kynnst náið þeim vandamálum, sem þeir eiga við að etja.

Mikið vantar á, að neytendur hérlandis búi við hliðstætt öryggi og neytendur í ná- grannalöndum okkar, þar sem

neytendalöggjöf hefur verið komið á. Neytendalöggjöf, sem tryggði rétt neytenda, væri stórt spor í rétta átt. — Þessi ályktun var send viðskiptaráðherra.

Núverandi stjórn Neytenda- samtakanna skipa: Reynir Ármannsson, formaður, Jónas Bjarnason, varaformaður, Anna Gísladóttir, ritari og Eiríka A. Friðriksdóttir, gjald- kerfi. Meðstjórnendur eru Arni B. Eiríksson, Guðmundur Ein- arsson og Gunnlaugur Pálsson.

Ragnheiður hlaut verðlaun á Biennial-sýningunni

Nýlega voru veitt verðlaun fyrir 10 beztu verkin á 4. alþjóð- legu Biennial-grafíksýningunni í Frechen. Meðal verðlaunahafa var einn íslenskur listamaður, Ragnheiður Jónsdóttir og hlaut hún 6. verðlaun sem voru 500 þýzk mörk fyrir verk sín á sýningunni.

Alls voru lögð 740 grafíkverk fyrir dómnefndina, en eins og fyrr sagði voru ekki veitt verð- laun nema fyrir 10 þeirra.

Þeir sem hlutu verðlaunin eru:

1. Kunihiró Amano, Japan.
2. Miroslav Sutej, Júgóslavía
3. Peter Redeker, Þýskalandi.
4. Tetsuya Noda, Japan
5. Oldrich Kulhanek, Tékkó- slóvakíu.
6. Ragnheiður Jónsdóttir, Ís- landi.
7. Ove Stokstad, Noregi.
8. Andras Mengyan, Ungverja- landi



9. Maurice Pasternak, Belgíu
10. Haage Sixten, Svíþjóð.
Þá fengu 10 listamenn minnis-

peninga í virðisbreytingarskýni fyrir verk sín.

—JSS

Laus staða

Staða eins lögregluþjóns á Seltjarnarnesi er laus til um- sóknar. Umsóknarfrestur er til 21. ágúst 1976. Laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna. Umsóknareyðublið fást hjá yfirlögregluþjóninum í Hafnarfirði, en hann veitir nánari upplýsingar um starfið.

Lögreglustjórinn á Seltjarnarnesi.

Sjóðurinn „Gjöf Thorvaldsensfélagsins“

hefur það markmið að sérmennta starfslíð stofnana fyrir vanheil börn., þ.e.a.s. dagvistunarstofnana, vistheimila, sérskóla og sérdeilda þar sem eru afbrigðileg börn og unglingar til dvalar, kennslu og þjálfunar. Úr sjóðnum er veitt fé til:

A. náms innanlands, svo sem almennra námskeiða fyrir tiltekna starfshópa undir handleiðslu sérfróðra manna.

B. náms erlendis í formi námsstyrkja til einstaklinga, er stunda framhaldsnám í skólum erlendis. Þeir sem njóta styrks úr sjóðnum, skulu skuldbinda sig til að vinna a.m.k. tvö ár hérlandis. Styrkur til þeirra sem ekki fullnægja tölri vinnukvöð, er endurkræfur. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar til Mennta- málaráðuneytisins fyrir 31. ágúst 1976, ásamt nauðsynleg- um upplýsingum um fyrirhugað nám og þjálfun.

Reykjavík, 21. júlí 1976.

Hjálmar Vilhjálmsson formaður sjóðsstjórnar Gjafar Thorvaldsensfélagsins.

Aðeins ein umferð eftir á IBM skákmótinu

Nú er aðeins einni umferð eftir ólokið á IBM skákmótinu í Amsterdam, en nokkrar biðskákir eru þó eftir.

Í efsta sæti, fyrir síðustu um-

ferðina, er Kortsnoj með 9 vinninga. Í 2.-3. sæti eru þeir Miles og Sax með 8 1/2 vinning. Guðmundur Sigurjónsson er í 10 sæti með 6 1/2 vinning og bið- skák, en Friðrik Ólafsson er í 11.-13. sæti ásamt Ivkov og Ree með 6 1/22 vinning.

Í fjórtándu umferð tapaði Friðrik fyrir Velimirovic, eftir

að hafa átt unnið tafl. Lék hann síðan grófllega af sér og tapaði skákinni eftir 44 leiki. Skák þeirra Guðmundar og Szabo í 14. umferð fór tvívegis í bið. 113. umferð gerðu þeir Friðrik og Ivkon jafntefli eftir aðeins 23 leiki og Guðmundur gerði jafntefli við Donner í 34 leikjum.

Nú er ljóst að aðeins Miles og Sax geta ógnað sigri Kortsnoj á mótinu.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	VINN- INGAR	RÖÐ
1. REE	0	1/2	1	1/2	1/2	1/2	1/2	0	1	1/2	1	0	1/2					
2. VARGO	1	0	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	0	1/2	1/2	1	0	1/2	1/2				
3. GUÐMUNDUR	1/2	0	0	1/2	1/2	1/2	1/2	1	1/2	0	1/2	1/2	1	1/2	1/2			
4. LANGEWEG	0	1/2	1/2	0	1/2	1	1/2	1/2	0	1		0	0	0	0			
5. KURAJAICA	1/2	1/2	1/2	1/2	0	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1	0	1/2			
6. FRIÐRIK	1/2	1/2	1/2	0	1/2	1/2	1/2	0	1	1/2	1/2	0	1/2	1				
7. GIPSLIS	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2			
8. IVKOV	1/2	1/2	0	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2			
9. VELIMIROVIC	1	1	1/2	1/2	1	1	1/2	1	0	0	1	1	0	0				
10. SAX	1/2	1	1	1/2	1/2	1/2	0	1	1/2	1/2	0	1	1/2	0	1/2			
11. DONNER	0	1/2	0	0	1/2	1/2	1	0	0	1	0	1	0	1/2	0			
12. SZABO	1/2	0	1/2	1/2	1/2	1/2	1/2	1	1/2	1	0	1	1/2	1/2				
13. LIGTERINK	0	0	1	1/2	1/2	1/2	1/2	0	1/2	0	1	0	0	0	0			
14. BÖHM	1	0	1	0	1/2	1/2	0	1	1	0	1	0	1/2	0				
15. MILES	1/2	1/2	1	1	1/2	1/2	1/2	1	0	1/2	1/2	1	1/2	1/2				
16. KORTSNOJ	1/2	1/2	1/2	1	1/2	0	1/2	1	1/2	1	1/2	1	1	1/2				